

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur mánudaginn 27. júní 2011 í máli nr. X-104/2010:

Landsvaki hf.

(Stefán Geir Þórisson hrl.)

gegn

Landsbanka Íslands hf.

(Pétur Örn Sverrisson hrl.)

Mál þetta sem tekið var til úrskurðar 22. júní sl., var þingfest 22. júní 2010.

Sóknaraðili er Landsvaki hf., Reykjavík.

Varnaraðili er Landsbanki Íslands hf., Reykjavík.

Endanleg kröfugerð sóknaraðila er aðallega:

- a) að viðurkennt verði með dómi að krafa sóknaraðila að fjárhæð 76.740 evrur sem varnaraðili tók við á tímabilinu 8. október 2008 – 22. apríl 2009 en skilaði ekki til sóknaraðila á grundvelli rammasamkomulags Landsvaka hf. f.h. Landsbanki Mezzanine Fund II og Landsbanka Íslands hf. dags. 14. nóvember 2006 og samnings um aðild að fjárfestingu dags. 28. maí 2008, njóti rétt hæðar sem sértökukrafa á grundvelli 109. gr. laga nr. 21/1991.
- b) að viðurkennt verði með dómi að hlutdeild sóknaraðila í þeim fjárhæðum sem varnaraðili hefur tekið við og mun taka við eftir 22. apríl 2009 og hann á rétt til á grundvelli rammasamkomulags Landsvaka hf. f.h. Landsbanki Mezzanine Fund II og Landsbanka Íslands hf. dags. 14. nóvember 2006, og samnings um aðild að fjárfestingu dags. 28. maí 2008, njóti rétt hæðar sem sértökukrafa á grundvelli 109. gr. laga nr. 21/1991.

1. varakrafa sóknaraðila er:

- a) að viðurkennt verði með dómi að varnaraðili hafi tekist á hendur réttindi og skyldur samkvæmt gagnkvæmum samningum samkvæmt XV. kafla laga nr. 21/1991 með eftirtöldum samningum: Rammasamkomulag Landsvaka hf. f.h. Landsbanki Mezzanine Fund II og Landsbanka Íslands hf. dags. 14. nóvember 2006 og samningi um aðild að fjárfestingu dags. 28. maí 2008 og að viðurkennt verði að krafa sóknaraðila að fjárhæð 76.740 evrur sem varnaraðili tók við á

tímabilinu 8. október 2008 – 22. apríl 2009, en skilaði ekki til sóknaraðila, njóti rétt hæðar sem búskrafa á grundvelli 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991.

b) að viðurkennt verði með dómi að varnaraðili hafi tekist á hendur réttindi og skyldur samkvæmt gagnkvæmum samningum samkvæmt XV. kafla laga nr. 21/1991 með eftirtöldum samningum: Rammasamkomulag Landsvaka hf. f.h. Landsbanki Mezzanine Fund II og Landsbanka Íslands hf. dags. 14. nóvember 2006 og samningi um aðild að fjárfestingu dags. 28. maí 2008 og að viðurkennt verði að hlutdeild sóknaraðila í þeim fjárhæðum sem varnaraðili hefur tekið við og mun taka við eftir 22. apríl 2009 á grundvelli samninganna njóti rétt hæðar sem búskröfur á grundvelli 3. tl. 110. gr., sbr. 91. gr. laga nr. 21/1991.

2. varakrafa sóknaraðila er að viðurkennt verði með dómi að varnaraðila sé á grundvelli 95. gr. laga nr. 21/1991 skylt að skila hlutdeild sóknaraðila í þeim greiðslum sem varnaraðili hefur tekið við og mun taka við eftir 22. apríl 2009 á grundvelli eftirtalinnna samninga: Rammasamkomulag Landsvaka hf. f.h. Landsbanki Mezzanine Fund II og Landsbanka Íslands hf. dags. 14. nóvember 2006 og samningi um aðild að fjárfestingu dags. 28. maí 2008, til sóknaraðila.

Sóknaraðili krefst málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila samkvæmt mati dómsins.

Málsatvik

Sóknaraðili, fyrir hönd tveggja sjóða sem hann rekur, Landsbanki Mezzanine Fund, kt. 630704-9870 og Landsbanki Mezzanine Fund II, kt. 460306-9490, samdi við varnaraðila um samstarf milli aðila í tengslum við lánaverkefni á evrópskum lánamarkaði.

Samstarf sóknaraðila og varnaraðila var byggt á grunnsamningi, svokölluðu rammasamkomulagi, milli varnaraðila og viðkomandi sjóðs. Í rammasamkomulaginu er kveðið á um helstu atriði varðandi samningssamband sóknaraðila og varnaraðila. Samningarnir fyrir báða sjóðina eru samhljóða. Á grundvelli samkomulagsins voru gerðir sérstakir samningar um hvert einstakt lánaverkefni. Einstakir samningar eru samhljóða að öðru leyti en hvað varðar skilmála og fjárhæðir hvers láns.

Samningar sóknaraðila við varnaraðila munu upphaflega hafa verið í formi afleiðusamninga, en um mitt ár 2008 var samningunum breytt í samninga um hlutdeild í lánun. Sóknaraðili greiddi fyrir hlutdeildina með því að tryggingar sem stóðu fyrir afleiðusamningunum voru teknar út af reikningum félagsins hjá varnaraðila.

Í fyrrnefndu rammasamkomulagi sem ber yfirskriftina „um þátttöku Landsbankans Mezzanine fund í fjárfestingum Landsbanka Íslands hf. í lánaverkefnum á evrópskum lánamarkaði“ kemur fram að Landsbanki Íslands og Landsvaki f.h. Landsbanki Mezzanine Fund, hér eftir nefnd LMF geri með sér rammasamning um

samstarf milli aðila í tengslum við ýmis lánaverkefndi á evrópskum lánamarkaði. Tekið er fram að af hálfu Landsbanka Íslands hf. liggi fyrir ákveðin fjárfestingastefna. Hlutverk varnaraðila var skilgreint í 1. gr. rammasamkomulagsins. Þar segir m.a. að hlutverk varnaraðila hafi verið að finna fjárfestingatækifæri í gegnum tengslanet á evrópskum lánamarkaði í samræmi við fjárfestingastefnu. Í e-lið 1. gr. segir að hlutverk varnaraðila sé að tilkynna þeim banka sem selji fjárfestinguna og/eða annist hana sem umsýslubanki (e Agent/Arranger) óskir varnaraðila um þátttöku, m.t.t. óska LMF og e.t.v. annarra aðila um þátttöku.

Í f-lið 1. gr. kemur fram að hlutverk varnaraðila sé að vera eini lögaðilinn og lánveitandi gagnvart þeim banka sem selji fjárfestinguna og/eða annist hana sem umsýslubanki.

Í b-lið 2. gr. samkomulagsins segir að hlutverk LMF sé að senda varnaraðila að loknu áhættumati, skuldbindandi tilkynningu með skriflegum hætti um vilja til þátttöku í fjárfestingu, áður en varnaraðili tilkynni umsýslubanka eða þeim banka sem selji fjárfestinguna, óskir sínar um þátttöku, sem þá muni taka mið af sameiginlegri fjárhæð LMF og varnaraðila og e.t.v. annarra banka.

Í sérstökum samningi aðila um aðild að fjárfestingu frá 28. maí 2008, sem mál þetta tekur til, segir í 1. gr. að lántaki sé Mediaannuaire Holding. Lánstegund er tilgreind, Facility B1 og B2, 8 ára afborgunarlán, Equity Bridge, Facility C, 9 ára kúlulán, Facility D, 9,5 ára kúlulán, og RCF, 7 ára ádráttarlán. Lánsfjárhæð er tilgreind 5.010.000.000 evra og vextir tilgreindir.

Í 2. gr. samnings aðila segir að með þessum samningi kaupi LMF II hlutdeild í Facility D (Second Lien Facility) að fjárhæð 2.000.000 evra.

Í 3. gr. samningsins segir að LMF II skuldbindi sig til þess að greiða varnaraðila fyrir hlutdeild sína á þeim degi sem útlánaþjónusta fyrirtækjasviðs varnaraðila tiltaki. Þá segir að varnaraðili skuldbindi sig til þess að greiða LMF II vexti og afborganir í réttu hlutfalli við hlutdeild LMF II í lánshluta LÍ jafnóðum og þær berist frá lántaka.

Í 5. gr. samningsins segir að LMF II sé óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum nema með samþykki varnaraðila. Þá segir í 2. mgr. 5. gr. að varnaraðila sé heimilt að selja hlut sinn í láni því sem samningur þessi taki til, að hluta eða öllu leyti, og skuli tilkynna LMF II um söluna jafnóðum og framsal eigi sér stað. Varnaraðili skuli þó áfram bera skyldur gagnvart LMF II eins og samningurinn og rammasamkomulagið kveði á um.

Hinn 7. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið yfir starfsemi varnaraðila samkvæmt heimild í 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008. Fjármálaeftirlitið skipaði þá skilanefnd til að taka við stjórn varnaraðila. Nýi Landsbanki Íslands hf. (nú NBI hf.) var stofnaður og voru innlendar eignir varnaraðila og helstu eignir hans sem tengdust innlendri starfsemi hans fluttar yfir til nýja bankans með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008.

Hinn 5. desember 2008 veitti Héraðsdómur Reykjavíkur varnaraðila greiðslustöðvun að beiðni skilanefndar varnaraðila. Með gildistöku laga nr. 44/2009

hinn 22. apríl 2009 hófst slitameðferð varnaraðila. Slitameðferðin var kennd við greiðslustöðvun meðan varnaraðili hafði heimild til greiðslustöðvunar á grundvelli laga nr. 129/2008. Hinn 29. apríl 2009 var varnaraðili skipuð slitastjórn. Tilhögun laga nr. 44/2009 var breytt að nokkru leyti með lögum nr. 132/2010, sem tóku gildi 17. nóvember 2010 og var samkvæmt því nauðsynlegt að kveðinn yrði upp dómsúrskurður þess efnis til að slitameðferð yrði haldið áfram. Hinn 22. nóvember 2010 var varnaraðili tekinn til slitameðferðar með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur.

Sóknaraðili lýsti kröfu í bú varnaraðila sem móttækin var 7. október 2009 af slitastjórn varnaraðila. Sóknaraðili lýsti kröfunni sem sértökukröfu sem skipað skyldi í réttindaröð samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Kröfuhafafundur var haldinn 23. nóvember 2009 um skrá yfir lýstar kröfur og afstöðu slitastjórnar varnaraðila til viðurkenningar þeirra. Krafa sóknaraðila er nr. 978 á kröfuskránni. Þar kom m.a. fram sú afstaða slitastjórnarinnar til kröfu sóknaraðila að henni væri hafnað. Af hálfu sóknaraðila var afstöðu slitastjórnar mótmælt á kröfuhafafundum. Með bréfi slitastjórnar varnaraðila, dagsettu 29. apríl 2010 og móttæknunni 10. maí s.á., var ágreiningi málsaðila um kröfuna beint til Héraðsdóms Reykjavíkur til úrlausnar, sbr. 171. gr. laga nr. 21/1991.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila

Sóknaraðili kveður að þetta mál snúist um tvö álitæfni: Hvort krafa sóknaraðila sé sértökukrafa samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. eða búskrafa samkvæmt 110. gr. sömu laga.

Sóknaraðili vísar til þess að kröfum hans sé skipt upp í tvö tímabil, annars vegar tímabilið fyrir 22. apríl 2009 og hins vegar tímabilið eftir að formleg slitameðferð hafi byrjað. Hvað fyrra tímabilið varði liggi fyrir nákvæmlega hvaða fjárhæðir séu ógreiddar á grundvelli samninga aðila. Fjárhæð kröfunnar sé því sérstaklega tiltekin í kröfugerð sóknaraðila. Hvað varðar tímabilið eftir 22. apríl, sé hins vegar að hluta til um að ræða kröfur sem ekki séu enn fallnar í gjalddaga og því séu allar kröfur sóknaraðila fyrir þetta tímabil í formi viðurkenningarkrafna, enda liggi endanleg heildarfjárhæð ekki fyrir.

Sóknaraðili byggir á því að í 1. gr. rammasamkomulagsins séu skyldur varnaraðila tilgreindar. Skýrt komi fram í staflíðum e)-i) að varnaraðili gegni hlutverki umsýslubanka (e. Arranger eða Agent). Í 8. gr. samningsins komi fram að samningsaðilar muni gera sérstakan samning um aðild sjóðanna að hverri einstakri fjármögnun þar sem vísað sé til viðkomandi lánskjala og undirliggjandi gagna. Þá segi að verði misræmi á milli ákvæða rammasamkomulagsins og einstakra samninga um aðild að fjárfestingu gildi ákvæði rammasamkomulagsins. Rammasamningurinn í heild sinni sé samningur um þátttöku í lánnum og samningar sem gerðir séu um einstök verkefni falli innan þess ramma.

Einstakir samningar um aðild að fjárfestingu séu samhljóða að öðru leyti en því að skilmálar og fjárhæðir hvers láns séu mismunandi. Í 1. gr. samninganna sé tilgreint hver sé fjárfesting (lánveiting) sjóðsins. Í 2. gr. komi skýrt fram að um sé að ræða hlutdeild sjóðsins í stærra láni. Í 3. gr. komi fram að sjóðurinn skuldbindi sig til að greiða fyrir hlutdeildina og að varnaraðili skuldbindi sig til að greiða sjóðnum vexti og afborganir í réttu hlutfalli við hlutdeild sjóðsins í láns hluta varnaraðila jafnóðum og þær berist frá lántaka. Í 4. gr. sé fjallað um réttindi og skyldur. Þar segi orðrétt:

LÍ lýsir því að hann veiti LMF II hér með hlutfallslegan rétt samkvæmt framangreindu af þeim réttindum sem LÍ hefur sjálfur öðlast svo og aðild að öllum þeim tryggingum sem settar hafa verið vegna lánsins í samræmi við hlutdeild LMF II í viðkomandi láns hlutum. Um láns hluta LMF II gildir að öllu leyti ákvæði undirliggjandi lánasamnings sem LMF II hefur kynnt sér til hlítar og staðfestir með undirritun sinni að hann beri alfarið einn áhættu og ábyrgð á hluta lánsins sem hann eignast með samningi þessum eins og hann hefði lánað lántaka fjárhæðina einn og milliliðalaust.

Sóknaraðili byggir á því að ljóst sé af lestri þessara tveggja málsgreina að varnaraðili taki að sér hlutverk umsjónaraðila lánveitingarinnar og að umræddir sjóðir eigi óskoraðan rétt á þeim hlut í lánveitingunni sem þeir hafi greitt fyrir, hvort sem það sé í formi vaxtagreiðslna eða afborgana af lánveitingunni.

Í 5. gr. sé fjallað um framsal og sé ákvæðið svohljóðandi:

,LMF II er óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum nema með samþykki LÍ. LÍ er heimilt að selja hlut sinn í láni því sem samningur þessi tekur til að hluta eða öllu leyti og skal tilkynna LMF II um söluna jafnóðum og framsal á sér stað. LÍ skal þó áfram bera skyldur gagnvart LMF II eins og samningur þessi og rammasamkomulag aðila kveður á um.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili skuli þannig áfram bera skyldur gagnvart sjóðnum eins og samningurinn og rammasamkomulag aðila kveði á um. Ljóst sé að varnaraðila sé einungis heimilt að selja „sinn“ hlut. Í 2. mgr. 5. gr. i.f. samningsins komi því skýrt fram að varnaraðili skuli áfram bera skyldur gagnvart sjóðnum og bendi þetta eindregið til þess að ekki sé átt við að varnaraðili geti selt hlut sjóðanna án samþykkis þeirra síðarnefndu, þar sem gert sé ráð fyrir að varnaraðili þjónusti þann hluta lánsins eins og áður þrátt fyrir að hafa selt sinn hluta lánsins. Varnaraðili skuli áfram sinna þeim skyldum við sjóðinn að taka á móti afborgunum og vaxtagreiðslum frá skuldurinum og skila áfram til sjóðsins. Í 6. gr. sé fjallað um gildistíma samningsins o.fl. Af rammasamningnum og öðrum ákvæðum í samningum um aðild að fjárfestingu sé ljóst um hvers konar réttarsamband sé að ræða milli aðila.

I-liður 1. gr. rammasamkomulagsins, sem fjalli um hlutverk varnaraðila, hljóði svo:

Að skipuleggja meirihlutakosningu skv. 9. gr., milli LÍ og LMF II og etv. annarra aðila sem gerast aðilar að viðkomandi láni með sama hætti og LMF II, um álitamál, þegar óskað er eftir samþykki LÍ sem lánveitanda fyrir breytingum á lánasamningi, millibankasamkomulagi (e. Intercreditor Agreement) og/eða öðru samþykki sem nauðsynlegt er að afla frá lánveitanda vegna brota á kvöðum,

uppgreiðslu, vanskilum, gjaldfellingu og öðrum álitamálum sem ber að greiða um atkvæði samkvæmt efni lánsskjala.

Í 9. gr. segi að sjóðirnir geti greitt atkvæði í þessari kosningu miðað við sinn eignarhlut í láninu og að einfaldur meirihluti þeirra aðila sem gerst hafi þátttakendur með varnaraðila í þeim eignarhluta sem varnaraðili sé skráður fyrir hjá umsýslubanka (e. Agent/Arranger) ráði úrslitum. Falli atkvæði jöfn muni varnaraðili ekki greiða atkvæði vegna síns hlutar í láninu. Þetta bendi eindregið til þess að skilningur sammingsaðila sé sá að sjóðirnir eigi sinn hluta í láninu og varnaraðili hafi í raun ekki yfirráðarétt yfir honum.

Sóknaraðili byggir a-lið aðalkröfu sinnar á því að ákvæði 109. gr. laga nr. 21/1991 mæli fyrir um rétt hæstu kröfurnar við gjaldþrotaskipti, þ.e. eignaréttarkröfur eða sértökukröfur. Eigendur slíkra krafna þurfi ekki að sæta því að munum eða réttindum verði varið til fullnustu annarra krafna eftir stöðu þeirra í skuldaröð. Sóknaraðili byggir á því að framangreind krafa sé eignaréttarkrafa sem varnaraðila beri að afhenda utan skuldaraðar. Um sé að ræða sérgreinda fjárhæð sem sé með réttu eign sjóðsins, og af þeim sökum beri varnaraðila að skila henni utan skuldaraðar. Samningar um þátttöku sjóðsins í lánaverkefnum, þ. á m. umræddur rammSAMningur, séu sönnun fyrir eignarétti sjóðanna að greiðslunum. Í þessu sambandi vísar sóknaraðili sérstaklega til 2. mgr. 3. gr. sammingsins um hlutdeild í lánasamningum. Samkvæmt ákvæðinu eigi varnaraðili að afhenda peningana jafnóðum og þeir berist. Sé því ekki hægt að líta svo á að peningarnir renni á neinum tímapunkti saman við annað fé þrotabús varnaraðila. Hlutverk varnaraðila sé einungis að taka við peningunum frá þriðja manni og millifæra þá til sóknaraðila.

Sóknaraðili segir b-lið aðalkröfu sinnar snúast um að krafa hans verði viðurkennd sem sértökukrafa skv. 109. gr. laga nr. 21/1991, verði ekki fallist á að varnaraðili hafi tekist á hendur réttindi og skyldur samkvæmt umræddum samningum. Um röksemdir fyrir þessari kröfu vísar sóknaraðili til rökstuðnings fyrir a-lið aðalkröfu sinnar.

Sóknaraðili byggir a-lið 1. varakröfu sinnar á sömu sjónarmiðum og b-lið 1. varakröfu sinnar. Hins vegar lítur sóknaraðili jafnframt svo á að fyrir 22. apríl hafi varnaraðili, sem þá hafi verið í greiðslustöðvun, tekist á hendur réttindi og skyldur samkvæmt umræddum samningum og að aðstoðarmaður við greiðslustöðvunina hafi samþykkt ráðstöfunina, sem leiði til þess að krafan verði búskrafa, sbr. 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991. Ljóst sé að á greiðslustöðvunartímanum hafi varnaraðili haldið áfram að taka við greiðslum frá skuldurum án þess að skila sóknaraðila þeim hlutum sem honum hafi borið samkvæmt framangreindum samningum um hlutdeild í láninu. Sóknaraðili telur að aðstoðarmaður við greiðslustöðvunina hafi á þessum tíma samþykkt þessar ráðstafanir með tómlæti sínu enda hefði hann og/eða skilanevnd varnaraðila átt að sjá til þess að greiðslum yrði skilað í samræmi við samningana. Sóknaraðili vísar um þetta til sérstakra athugasemda með 110. gr. laga nr. 21/1991. Beri því að viðurkenna umrædda kröfu sóknaraðila sem búskröfu á grundvelli 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991.

Sóknaraðili byggir b-lið 1. varakröfu sinnar á því að samningar aðila séu gagnkvæmir samningar. Varnaraðili hafi mótmælt því án þess að rökstyðja þá niðurstöðu nánar, en sóknaraðili telur hins vegar ljóst að samningarnir hafi öll einkenni gagnkvæmra samninga.

Ljóst sé að samningar aðila hafi lagt þá skyldu á sóknaraðila að greiða í upphafi fé til varnaraðila sem kaupverð á hlutdeild í nánar tilteknum lánnum varnaraðila til þriðju aðila. Þá sé einnig ljóst að samningarnir leggi greiðsluskyldu á varnaraðila en sú skylda stofnist smátt og smátt yfir lengri tíma þegar lántakar samkvæmt undirliggjandi lánasamningum greiði af lánnum sínum. Jafnframt liggi fyrir að greiðslur beggja aðila séu háðar skuldbindingu gagnaðilans. Að lokum leggi rammisamningur aðila ýmsar skyldur á aðila, sbr. 1. gr. og 2. gr. samningsins.

Þá hafi varnaraðili, eftir 22. apríl 2009, tekist á hendur réttindi og skyldur samkvæmt gagnkvæmum samningum aðila, sbr. 1. mgr. 91. gr. laga nr. 21/1991. Sóknaraðili lítur svo á að í kröfulýsingu sinni, dagsettri 6. október 2009, sem og viðbót við hana, dagsettri 30. október s.á, hafi falist fyrirspurn í skilningi 2. mgr. 91. gr. laga nr. 21/1991, um það hvort varnaraðili taki við réttindum og skyldum þrotamanns samkvæmt samningum aðila. Eftir að sóknaraðili hafi ítrekað fyrirspurnina með bréfi til varnaraðila, dagsettu 20. nóvember 2009, hafi honum borist bréf frá varnaraðila 16. febrúar 2010 þar sem tilkynnt hafi verið um afstöðu til krafna sóknaraðila. Í bréfinu hafi kröfunum verið hafnað en hvergi getið um það hvort varnaraðili hygðist taka við réttindum og skyldum samkvæmt hinum gagnkvæmu samningum. Varnaraðili hafi með bréfi til sóknaraðila dagsettu 23. febrúar 2010 ítrekað fyrirspurn sína og vakið sérstaka athygli á því að kröfuhafi ætti rétt á því að tekin yrði afstaða til gagnkvæmra samninga innan hæfilegs tíma. Ítrekuninni hafi ekki verið svarað. Á kröfuhafafundi sem fram fór 19. apríl 2010, hafi fyrst komið fram kom sú afstaða varnaraðila að ekki kæmi til álita að *slitastjórn lýsti yfir því að hún tæki fyrir hönd búsins við skyldum samkvæmt gagnkvæmum samningi*, eins og segi í fundargerð.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi ekki tekið afstöðu innan hæfilegs frests í skilningi 2. mgr. 91. gr. laga nr. 21/1991, til þess hvort varnaraðili myndi ganga inn í hinn gagnkvæma samning, enda hafi afstaða varnaraðila ekki legið fyrir fyrr en rúmu hálfu ári eftir að fyrirspurn var upphaflega beint til varnaraðila. Sóknaraðili byggir á því að með þessu tómlæti sínu hafi varnaraðili fallist á að ganga inn í hina gagnkvæmu samninga samkvæmt 91. gr. laga nr. 21/1991, sbr. einnig 1. og 2. mgr. 92. gr. sömu laga. Varnaraðili hafi hvorki innt greiðslu sína af hendi né sett fram tryggingu samkvæmt þessum ákvæðum.

Verði fallist á framangreint beri að fallast á kröfu sóknaraðila um að viðurkennt verði að krafan njóti réttshæðar sem búskrafa á grundvelli 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 91. gr. sömu laga. Ljóst sé að samningur aðila mæli fyrir um greiðslur smátt og smátt sem falli til á því tímabili sem um geti í 3. mgr. 91. gr. Verði fallist á að varnaraðili hafi gengið inn í hina gagnkvæmu samninga, leiði það til þess að skilyrði 3. mgr. 91. gr. laga nr. 21/1991 séu uppfyllt.

Sóknaraðili byggir 2. varakröfu sína á því að varnaraðili hafi gengið inn í umrædda gagnkvæma samninga. Verði á hinn bóginn talið að varnaraðili hafi ekki nýtt sér heimild sína samkvæmt 1. mgr. 91. gr. laga nr. 21/1991 sé þess krafist að

varnaraðili skili til sóknaraðila greiðslum sem inntar hafi verið af hendi til hans eftir 22. apríl 2009 á grundvelli umræddra samninga, í samræmi við ákvæði 95. gr. sömu laga. Sóknaraðili byggir á ákvæði 95. gr. um að þrotabúi beri að skila greiðslum sem inntar hafi verið af hendi eftir að bú hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, nýti það ekki heimild sína samkvæmt 1. mgr. 91. gr.

Sóknaraðili vísar kröfum sínum til stuðnings til almennra reglna samninga- og kröfuréttar, laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., einkum 91. gr., 92. gr., 109. gr., 110. gr. og 113. gr. Krafa um málskostnað styðst við ákvæði XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök varnaraðila

Varnaraðili mótmælir því að sóknaraðili hafi sýnt fram á beinan eignarrétt sinn að fjármunum eða öðrum réttindum í vörslum varnaraðila sem hann geti krafist að fá afhent á grundvelli 109. gr. laga nr. 21/1991. Hins vegar sé ekki deilt um að sóknaraðili eigi fjárkröfu á hendur varnaraðila á grundvelli þeirra samninga sem sóknaraðili byggir kröfur sínar á.

Til stuðnings málatilbúnaði sínum þess efnis að sóknaraðili eigi ekki beinan eignarrétt að eign eða réttindum í vörslum varnaraðila, byggir varnaraðili á að sóknaraðili haldi því ranglega fram að varnaraðili hafi samkvæmt umræddum rammasamningi gegnt hlutverki umsýslubanka (e. Arranger eða Agent). Hið rétta sé að skyldur varnaraðila hafi meðal annars lotið að tilteknum samskiptum við umsýslubanka þeirra lána sem samningarnir ná til. Þetta komi fram í f-lið 1. gr. rammasamkomulagsins, sem hljóði svo:

Að vera eini lögaðilinn og lánveitandi gagnvart þeim banka sem selur fjárfestinguna og/eða annast hana sem umsýslubanki (e. Agent/Arranger) og lántakanum.

Ákvæðið sýni ótvírætt fram á að ætlun aðila hafi verið að varnaraðili væri í samningssambandi við lántakendur samkvæmt undirliggjandi lánasamningum en sóknaraðili ætti einungis kröfurétt á hendur varnaraðila sem hafi byggt á lánasamningum varnaraðila og lántakenda. Ekki verði séð að sóknaraðili hafi verið í samningssambandi við aðra en varnaraðila, enda hafi sóknaraðili samkvæmt samningum ekki átt beinan kröfurétt á hendur lántakendum. Ákvæði i-liðar 1. gr. og 9. gr. rammasamkomulagsins hefðu verið óþörf ef sóknaraðili hefði verið beinn þátttakandi sem lánveitandi í þeim lánasamningum sem sóknaraðili hafi samið um við varnaraðila. Við þær aðstæður hefði sóknaraðili sjálfur farið með atkvæðisrétt lánveitanda og ekki hefði þurft að koma til meirihlutakosningar. Ljóst sé af þessu að kröfuréttarlegt samband sóknaraðila sé við varnaraðila einan en ekki lántakendur undirliggjandi lána. Krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila á grundvelli umræddra samninga geti því ekki verið annað en fjárkrafa en ekki sérgreind eign í vörslum varnaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að í 5. gr. samninga um aðild að fjárfestingu sé kveðið á um að varnaraðila sé heimilt að selja hlut sinn í láni því sem samningarnir taki til án samþykkis sóknaraðila. Það skilyrði sé sett að skyldur varnaraðila gagnvart

sóknaraðila samkvæmt rammasamkomulagi haldist við sölu lána. Réttur sóknaraðila samkvæmt samningum um aðild að fjárfestingu takmarki ekki á neinn hátt þessa heimild varnaraðila. Varnaraðili hafnar þeirri túlkun sóknaraðila að samkvæmt ákvæðinu sé varnaraðila einungis heimilt að selja „sinn“ hlut í láni að teknu tilliti til þess sem bankinn hefði þegar selt sóknaraðila. Heimild varnaraðila til að ráðstafa með sölu hlutdeild sinni í undirliggjandi lánasamningum styðji ótvírætt þá niðurstöðu að sóknaraðili eigi ekki tilkall til undirliggjandi lánasamninga og greiðslna skuldara þeirra á grundvelli beins eignarréttar.

Varnaraðili byggir á því að hvergi komi fram í samningum sóknaraðila og varnaraðila að bankanum hafi verið eða sé skylt að halda greiðslum frá skuldurum viðkomandi lána, aðskildum frá öðru fé varnaraðila. Það styðji eindregið að sóknaraðili hafi ekki verið eigandi umræddra fjármuna. Í samræmi við þetta hafi greiðslum sem borist hafi eftir fall varnaraðila haustið 2008 ekki verið haldið sérgreindum í vörslum varnaraðila.

Varnaraðili hafnar málatilbúnaði sóknaraðila þess efnis að telja beri réttarsamband aðila máls gagnkvæma samninga. Varnaraðili byggir á því að fyrir 22. apríl 2009 hafi XV. kafli laga nr. 21/1991 ekki átt við um aðilann og þegar af þeirri ástæðu geti 1. varakrafa sóknaraðila ekki komið til álita eins og hún er sett fram. Ekki fái heldur staðist að setja fram kröfu um að viðurkennt verði að slitastjórn varnaraðila hafi tekist á hendur réttindi og skyldur samkvæmt þeim samningum sem vísað sé til í kröfugerðinni. Varnaraðili hafnar því einnig að XV. kafli laga nr. 21/1991 um gagnkvæma samninga geti átt við, sbr. 89. gr. laga nr. 21/1991 um takmörkun á beitingu reglna XV. kafla sömu laga.

Varnaraðili telur að ekki verði annað séð en að hér sé aðstaðan sambærileg og um flestar kröfur sem lýst sé við slitameðferð varnaraðila. Sóknaraðili hafi efnt sínar skyldur samkvæmt umræddum samningum við varnaraðila en bankinn hafi ekki verið búinn að efna sínar skyldur gagnvart sóknaraðila. XV. kafli laga nr. 21/1991 eigi einungis við sé um viðvarandi gagnkvæman samning að ræða þar sem greiðslur hvors samningsaðila séu inntar af hendi smátt og smátt og efnidir annars séu háðar efnidum hins. Í þessu tilviki sé ekki um slíkt að ræða heldur séu atvik í raun sambærileg því ef sóknaraðili hefði lánað varnaraðila fé sem skyldi endurgreiða með mörgum afborgunum á tilteknum gjalddögum og kjörum eftir lánveitinguna.

Varnaraðili byggir á því að skilningur sóknaraðila á hugtakinu gagnkvæmur samningur í skilningi XV. kafla laga nr. 21/1991 sé fjarri lagi og eigi hvorki stoð í lögum né réttarframkvæmd. Sóknaraðili virðist byggja á því að XV. kafli laga nr. 21/1991 eigi við vegna þess að varnaraðili hafi átt samkvæmt samningi við sóknaraðila að inna greiðslur sínar af hendi smátt og smátt til sóknaraðila.

Varnaraðili mótmælir öllum fullyrðingum sóknaraðila þess efnis að varnaraðili hafi tekist á hendur réttindi og skyldur gagnvart sóknaraðila með þeim hætti að stofnast hafi krafa á grundvelli 110. gr. laga nr. 21/1991, hvort heldur á grundvelli 3. eða 4. t.l. ákvæðisins, hvort sem er fyrir eða eftir 22. apríl 2009. Þá hafi reglur XV. kafla laga nr. 21/1991 ekki gilt um varnaraðila fyrr en eftir gildistöku laga nr. 44/2009.

Varnaraðili andmælir því að aðstoðarmaður við greiðslustöðvun varnaraðila hafi með meintu tómlæti samþykkt ráðstafanir sem varði kröfur sóknaraðila sem leiði til

Þess að samþykkja beri 1. varakröfu samkvæmt 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991. Aldrei hafi komið til álita að skilanefnd varnaraðila bæri það undir aðstoðarmanninn hvort inna skyldi af hendi greiðslur til sóknaraðila á grundvelli umræddra samninga. Samþykki aðstoðarmanns samkvæmt 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 hafi hvorki fengist né getað fengist á grundvelli tómlætis. Þvert á móti hlyti tómlæti aðstoðarmanns að fela í sér höfnun á því að samþykkja ráðstöfun.

Varnaraðili mótmælir tilvísun sóknaraðila til athugasemda með 110. gr. laga nr. 21/1991. Ákvæðið eigi ekki við hér því að réttarsamband aðila þessa máls eigi rætur að rekja til löggæringa sem gerðir hafi verið löngu áður en varnaraðili hafi fengið heimild til greiðslustöðvunar. Sóknaraðili hafi einungis lýst kröfu samkvæmt 109. gr. laga nr. 21/1991 í kröfulýsingu sinni. Hann hafi síðan sett fram kröfur samkvæmt 110. gr. sömu laga þegar fundur hafi verið haldinn 19. apríl 2010 til að jafna ágreining um sértökukröfu hans. Á fundinum hafi kröfu samkvæmt 110. gr. laga nr. 21/1991 verið hafnað, á þeim grunni sem hún hafi verið sett fram. Varnaraðili hafnar sjónarmiðum um að sóknaraðili hafi unnið einhvern rétt með meintu tómlæti varnaraðila. Sóknaraðili geti ekki unnið rétt á grundvelli fullyrðinga og fyrirspurna sem ekki eigi stöð í lögum með því að þeim sé ekki þegar andmælt eða svarað.

Niðurstaða

Aðalkrafa sóknaraðila samkvæmt breyttri kröfugerð hans er að viðurkennt verði að krafa sóknaraðila að fjárhæð 76.740 evrur sem varnaraðili tók við á tímabilinu 8. október 2008 - 22. apríl 2009, en skilaði ekki til sóknaraðila, njóti rétt hæðar sem sértökukrafa á grundvelli 109. gr. laga nr. 21/1991. Þá lýtur b-liður aðalkröfu sóknaraðila að því að viðurkennt verði að hlutdeild sóknaraðila í þeim fjárhæðum sem varnaraðili hefur tekið við og mun taka við eftir 22. apríl 2009 og „hann á rétt til á grundvelli rammksamkomulags aðila frá 14. nóvember 2007 og samnings aðila um fjárfestingu frá 28. maí 2008“, njóti rétt hæðar sem sértökukrafa á grundvelli 109. gr. laga nr. 21/1991.

Enginn ágreiningur er um fjárhæð kröfunnar eða útreikning hennar, en í kröfulýsingu sóknaraðila er gerð sú grein fyrir kröfunni að um sé að ræða kröfu um skil á vaxtagreiðslum og afborgunum er varnaraðili hafi ekki skilað til sjóða Landsvaka í samræmi við fyrirliggjandi samninga um hlutdeild í lánasamningum.

Í 109. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. er mælt fyrir um rétt hæstu kröfurnar á hendur þrotabúi, þar sem segir að afhenda skuli eign eða réttindi í vörslum þrotabús þriðja manni, ef hann sanni eignarrétt sinn að þeim. Skilyrði þess að unnt sé að afhenda slík réttindi þriðja manni, eru því hvorutveggja vörslur þrotabús á eign eða réttindum, og sönnun þriðja manns að eignarrétti þess sem krafist er.

Í málinu liggja frammi samrit reikningsyfirlita varnaraðila vegna reikninga í eigu sóknaraðila þar sem fram koma inn- og útborganir vegna viðskipta þeirra sem mál þetta fjallar um. Í málinu hefur ekki verið á því byggt að sú fjárhæð sem krafist er að njóti rétt hæðar sem sértökukrafa sé ekki í vörslum varnaraðila. Meginágreiningur vegna aðalkröfu málsins snýst því um hvort um sé að ræða eign

eða réttindi sem varnaraðili á ekki tilkall til í skilningi 109. gr. laga nr. 21/1991.

Í málinu liggur fyrir rammasamkomulag aðila, þar sem kveðið er á um samstarf aðila í tengslum við ýmis lánaverkefni, eins og það er orðað í samkomulagi þessu. Þar segir í e-lið 1. gr. að hlutverk varnaraðila sé að tilkynna þeim banka sem selji fjárfestingu eða annist hana sem umsýslubanki, óskir varnaraðila um þátttöku með tilliti til óska sóknaraðila. Í f-lið 1. gr. rammasamkomulagsins segir jafnframt að hlutverk varnaraðila sé að vera eini lögaðilinn og lánveitandinn gagnvart þeim banka sem selji fjárfestinguna og/eða annist hana sem umsýslubanki og lántakandanum. Í h-lið 1. gr. segir og að hlutverk varnaraðila sé að tryggja að allar greiðslur frá umsýslubanka eða lántaka berist sóknaraðila.

Í 3. gr. samnings aðila um aðild að fjárfestingu frá 28. maí 2008 segir að sóknaraðili skuldbindi sig til þess að greiða varnaraðila fyrir hlutdeild sína á ákveðnum degi og skuldbindi varnaraðili sig til þess að greiða sóknaraðila vexti og afborganir í réttu hlutfalli við hlutdeild sóknaraðila í lánshluta varnaraðila, jafnóðum og þær berist frá lántaka.

Þá segir í 5. gr. samnings aðila að sóknaraðila sé óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum nema með samþykki varnaraðila og einnig segir þar að varnaraðila sé heimilt að selja „hlut sinn í láni því sem samningur þessi tekur til að hluta eða öllu leyti og skal tilkynna LMF söluna jafnóðum og framsal á sér stað. Lí skal þó áfram bera skyldur gagnvart LMF eins og samningur þessi og rammasamkomulag aðila kveður á um“.

Af ákvæðum rammasamkomulags aðila, einkum þeirra sem að ofan er getið, verður ekki annað ráðið en að hlutverk varnaraðila hafi fyrst og fremst verið að hafa milligöngu um viðskipti milli sóknaraðila og þeirra fjármálafyrirtækja sem voru lántakar samkvæmt samningnum aðila um aðild að fjárfestingu. Samkvæmt 3. gr. samnings aðila frá 28. maí 2008, um þá tilteknu fjárfestingu sem mál þetta lýtur að, skyldi varnaraðili afhenda sóknaraðila vexti og afborganir, jafnskjótt og þær bærust frá lántaka. Þær greiðslur áttu því aldrei að renna saman við aðrar eignir varnaraðila. Þá verður 5. gr. samnings aðila um aðild að fjárfestingu með engu móti túlkuð á annan veg en þann að varnaraðila hafi einvörðungu verið heimilt að selja þann hlut sem hann átti í láni því sem samningurinn tók til, enda skyldi bankinn áfram bera skyldur gagnvart sóknaraðila samkvæmt samningnum. Bendir orðalag þessa ákvæðis til þess að réttur varnaraðila yfir láninu og vaxtagreiðslum vegna þess, náði einvörðungu til þess hlutar, en ekki þess hlutar sem sóknaraðili hafði eignast hlutdeild í með samningi um aðild að fjárfestingu.

Þegar allt framangreint er virt og litið er til rammasamkomulags aðila, auk samnings um aðild að fjárfestingu, er það mat dómsins að sóknaraðili hafi sýnt fram á eignarrétt sinn að þeirri fjárhæð sem krafist er að njóti sértökuréttar við skipti varnaraðila og að varnaraðili eigi ekki tilkall til þessarar fjárhæðar.

Af hálfu varnaraðila hefur því verið haldið fram að greiðslum sem borist hafa eftir fall varnaraðila haustið 2008 vegna ofangreindra samninga hafi ekki verið haldið sérgreindum í vörslum varnaraðila. Því séu skilyrði 109. gr. laga nr. 21/1991 ekki uppfyllt.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti skal fjármálafyrirtæki halda fjármálagerningum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum fjármálafyrirtækisins. Þá skal fjármálafyrirtæki jafnframt halda öðrum fjármunum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum fjármálafyrirtækisins, sbr. 2. mgr. 11. gr. laganna. Ákvæði þessu er ætlað að treysta réttarstöðu viðskiptavina við greiðsluörðugleika fjármálafyrirtækja, einkum þegar fjármálafyrirtæki hefur tekið að sér eignastýringu eða fjárvörslu. Þannig tengist ákvæðið 109. gr. laga um gjaldþrotaskipti, eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum nr. 108/2007.

Samkvæmt ákvæði þessu bar varnaraðila að halda þeim greiðslum sem bárust honum á grundvelli þeirra samninga er mál þetta tekur til, sérgreindum frá öðrum eignum varnaraðila. Á sóknaraðili ekki að gjalda þess að svo var ekki gert. Að mati dómsins hefur sóknaraðili sannað eignarrétt að þeirri tilgreindu fjárhæð sem mál þetta varðar og að hún sé í vörslum varnaraðila. Verður því fallist á að krafa hans að fjárhæð 76.740 evrur, sem varnaraðili tók við á tímabilinu 8. október 2008 – 22. apríl 2009 en skilaði ekki til sóknaraðila á grundvelli rammasamkomulags Landsvaka hf. f.h. Landsbanki Mezzanine Fund II og Landsbanka Íslands hf., dags. 14. nóvember 2006 og samnings um aðild að fjárfestingu dags. 28. maí 2008, njóti rétt hæðar sem sértökukrafa á grundvelli 109. gr. laga nr. 21/1991. Jafnframt er viðurkennt að hlutdeild sóknaraðila í þeim fjárhæðum sem varnaraðili hefur tekið við og mun taka við eftir 22. apríl 2009 og hann á rétt til á grundvelli rammasamkomulags Landsvaka hf. f.h. Landsbanki Mezzanine Fund II og Landsbanka Íslands hf., dags. 14. nóvember 2006 og samnings um aðild að fjárfestingu dags. 28. maí 2008, njóti rétt hæðar sem sértökukrafa á grundvelli 109. gr. laga nr. 21/1991.

Í ljósi atvika málsins og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 er rétt að hvor aðili greiði sinn kostnað af málinu.

Af hálfu sóknaraðila flutti málið Stefán Geir Þórisson hæstaréttarlögmaður og af hálfu varnaraðila flutti málið Pétur Örn Sverrisson héraðsdómsslögmaður.

Ingveldur Einarasdóttir héraðsdómari kveður upp þennan úrskurð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa sóknaraðila, Landsvaka hf. að fjárhæð 76.740 evrur, sem varnaraðili, Landsbanki Íslands hf., tók við á tímabilinu 8. október 2008 – 22. apríl 2009 en skilaði ekki til sóknaraðila á grundvelli rammasamkomulags Landsvaka hf. f.h. Landsbanki Mezzanine Fund II og Landsbanka Íslands hf., dags. 14. nóvember 2006 og samnings um aðild að fjárfestingu dags. 28. maí 2008, er viðurkennd sem sértökukrafa við slitameðferð varnaraðila, á grundvelli 109. gr. laga nr. 21/1991.

Jafnframt er viðurkennt að hlutdeild sóknaraðila í þeim fjárhæðum sem varnaraðili hefur tekið við og mun taka við eftir 22. apríl 2009 og hann á rétt til á grundvelli rammasamkomulags Landsvaka hf. f.h. Landsbanki Mezzanine Fund II og Landsbanka Íslands hf. dags. 14. nóvember 2006 og samnings um aðild að

fjárfestingu dags. 28. maí 2008, njóti rétt hæðar sem sértökukrafa á grundvelli 109. gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferð varnaraðila.

Málskostnaður fellur niður milli aðila.

Ingveldur Einarsdóttir